

# ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN GRUNNSKÓLAKENNARA OG SKÓLASTJÓRA Á NORÐURLANDI VESTRA

Leiðbeinandi stefna  
unnin í nóvember-desember 1997 og  
endurskoðuð í mars 1998

## *Samráðshópur um endurmenntun tók saman*

Í samráðshópnum starfa fulltrúar:

Farskóla Norðurlands vestra  
Kennarasambands Norðurlands vestra  
Sambands sveitarfélaga Norðurlandskjördæmis vestra  
Skólaskrifstofu Húnavetninga  
Skólaskrifstofu Siglufjarðar  
Skólaskrifstofu Skagfirðinga  
Skólastjórafélags Norðurlands vestra

### 1. INNGANGUR

- 1.1 Í 50. grein grunnskólalaganna frá 1995 segir að skólastjórar skuli hafa frumkvæði að því að móta endurmenntunarstefnu skólans. Einnig kemur fram í 42. grein að sveitarfélögum sé skylt að sjá skólum fyrir sérfræðiþjónustu sem snýr að kennslufræði- og sálfræðiráðgjöf. Sérfræðiþjónustan á líka að styðja nýbreytni- og þróunarstarf í grunnskólum.
- 1.2 Í grein 2.1.8.6 kjarasamninga kennara kemur fram að sé kennsla felld niður vegna námskeiðs eða fræðslu eru þeir skyldir að mæta. Sama gildir um sumarnámskeið í allt að tvær vikur annað hvert ár.
- 1.3 Skv. lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 29/1988 hefur stofnunin haft ábyrgð á endurmenntun grunnskólakennara<sup>1</sup>. Þar segir í 30. grein reglugerðar: “Kennaraháskólinn annast menntun kennara samhliða starfi þeirra eftir því sem fjármagn og aðstæður leyfa. Kosta skal kapps um að móta og skipuleggja fjölþætta fræðslustarfsemi og kynna kennurum markverðar nýjungar í skóla- og menntamálum. Einnig skal Kennaraháskólinn í samstarfi við fræðsluskrifstofur stuðla að þróun skólastarfs með því að veita fræðslu og ráðgjöf sem tekur mið af fræðilegri þekkingu, rannsóknum á skólastarfi, óskum einstakra skóla og staðbundnum aðstæðum”.

<sup>1</sup> Ath. Janúar 1998: Ný lög um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997 hafa nú tekið gildi. Ríkið ber ennþá ábyrgð á að veita fjármagni til endurmenntunar.